



Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 25. október 2013  
Tilv.: UMH13100119/

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026 í samræmi við ákvæði skipulagsлага, nr. 123/2010. Í 10. gr. laganna kemur fram að umhverfis- og auðlindaráðherra skuli leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu, nr. 1001/2011 skal ráðherra fela Skipulagsstofnun að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu og setja fram hverjar áherslur landsskipulagsstefnu skuli vera. Í reglugerðinni er nánar mælt fyrir um þau viðfangsefni sem landsskipulagsstefna á að taka til, en stefnan á ávallt að setja fram stefnumörkun um skipulagsmál á miðhálendinu. Í reglugerðinni er kveðið á um vinnu og samráð við gerð stefnunnar.

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu var lögð fram í fyrsta sinn á Alþingi á 141. löggjafarþingi 2013, sbr. þingskjal 1087 – 623. mál, en hún náði ekki fram að ganga. Ákveðið hefur verið að hefja á ný vinnu við gerð landsskipulagsstefnu í samræmi við ákvæði skipulagsлага og reglugerð um landsskipulagsstefnu. Miðað er við að byggt verði á þeirri vinnu sem liggur fyrir í framangreindri tillögu til þingsályktunar við gerð nýrrar landsskipulagstefnu.

Ákveðið hefur verið að þær áherslur sem komu fram í tillögu til þingsályktunar að fyrstu landsskipulagsstefnunni skuli tekna fyrir að nýju, það er stefna um skipulagsmál miðhálendins, stefna um búsetumynstur og dreifingu byggðar og stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum. Í vinnu að nýri landsskipulagsstefnu um þau viðfangsefni verði byggt á þeim gögnum og sjónarmiðum sem fram komu við vinnslu framangreindrar tillögu til þingsályktunar, sem og á uppfærðum gögnum um stöðu og þróun skipulagsmála og fyrirliggjandi stefnu stjórnvalda hvað varðar landnotkun. Gætt verði að því að tillögur að stefnunni verði markvissar og forsendur þeirra skýrar með það í huga að auðvelt verði að framfylgja landsskipulagsstefnunni. Auk framangreindra áherslina skal stefnan sjalla um landnotkun og landnýtingu í dreifbýli og greina þörf fyrir og gera eftir atvikum tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu í dreifbýli.

Með hliðsjón af framangreindu er Skipulagsstofnun falið að leggja eftirfarandi áherslur til grundvallar vinnu sinni að tillögu að landskipulagsstefnu til ráðuneytisins:

### 1. Skipulag á miðhálendi Íslands

Samkvæmt skipulagslögum skal landsskipulagsstefna ávallt marka stefnu um skipulagsmál á miðhálendi Íslands. Mikilvægt er að endurskoða fyrirliggjandi stefnumörkun um skipulagsmál miðhálendisins m.a. með hliðsjón af reynslu af nágildandi svæðisskipulagi miðhálendins sem staðfest var 1999, nýri þekkingu á náttúrufari hálandisins, nýjum áskorunum og þeim áætlunum stjórnvalda sem sampykktar hafa verið síðan svæðisskipulagið var unnið og varða landnotkun á svæðinu. Mikilvægir þættir varðandi stefnumörkun um skipulagsmál á miðhálendinu eru orkunýting og orkuflutningar, samgöngur, ferðapjónusta, vernd náttúru og menningarminja sem og samspil þessara þátta. Standa þarf vörð um náttúru og landslag hálandisins vegna beins náttúruverndargildis þess en einnig vegna þess gildis sem það hefur sem undirstaða ferðapjónustu og útvistar. Í tillögu að stefnu um skipulagsmál á miðhálendinu skal setja fram samræmda stefnu um landnotkun með tilliti til framangreindra þátta þar sem byggt er á fyrirliggjandi áætlunum stjórnvalda sem varða landnotkun á miðhálendinu, svo sem náttúruverndaráætlun, ferðamálaáætlun, samgönguáætlun og

verndar- og orkunýtingaráætlun. Við gerð tillögunnar skal einnig hugað að frekari vernd landslags, landslagsheilda, víðerna og jarðvegs, meðal annars með hliðsjón af evrópska landslagssamningnum og þeim áskorunum sem felast í auknum straumi ferðamanna til landsins. Þá skal sérstaklega fjalla um og setja fram tillögu að stefnu um samgöngumál og vegakerfi á miðhálandinu.

## 2. Búsetumynstur – dreifing byggðar

Eitt af stærstu viðfangsefnum skipulags landnotkunar er ákvörðun um þróun þéttbylis og fyrirkomulag byggðar. Byggðamynstur og dreifing byggðar mótar ramma um daglegt líf fólks og getur haft veigamikil áhrif á sjálfbærni þegar til langs tíma er litið. Í tillögu að landsskipulagsstefnu verði sett fram almenn stefna til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga um þá þætti byggðamynsturs, svo sem þéttleika byggðar, dreifingu búsetu, tegundir landnotkunar, samgöngur, skipulag verslunar- og þjónustu og önnur atriði sem stuðlað geta að aukinni sjálfbærni byggðar, þ.e. samþættingu umhverfis og félagslegra og efnahagslegra þátta í hinu byggða umhverfi.

## 3. Skipulag á haf- og strandsvæðum

Hafsvæðin við Ísland búa yfir mikilvægum auðlindum sem viðhalda þarf á grundvelli heilbrigðis, líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins. Vaxandi eftirspurn er eftir fjölbreyttari nýtingu á haf- og strandsvæðum þar sem ólíkir hagsmunir geta stangast á. Þetta á meðal annars við á strandsvæðum þar sem hentug skilyrði eru fyrir atvinnustarfsemi eins og fiskeldi. Landsskipulagsstefna skal setja fram heildstæða sýn um skipulagsmál hafsins og um það á hvaða svæðum brýnt er að vinna nánari skipulagsáætlanir um skipulag haf- og strandsvæða.

## 4. Skipulag landnotkunar í dreifbýli

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er mörkuð stefna um nýtingu lands, jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga skal leggja sjónarmið um sjálfbæra þróun, samanber markmið skipulagsлага. Á undanförnum áratugum hafa orðið talsverðar breytingar á landnotkun í dreifbýli, samhliða breytingum í landbúnaði. Umtalsverð svæði hafa verið tekin úr hefðbundnum landbúnaðarnotum undir frístundabyggð. Aukin áhersla er á skógrækt og akuryrkju, m.a. samhliða aukinni þekkingu og hlýnandi veðurfari. Þessu til viðbótar hefur uppbrygging ferðaþjónustu í dreifbýli aukist, auk almennt aukinnar útvistar. Þessar breytingar á landnotkun hafa í för með sér nýtt og aukið álag á náttúruna og vistkerfi landsins. Það eru því ýmsar áskoranir sem blasa við á komandi árum varðandi skipulag landnotkunar í dreifbýli svo sem í landbúnaði, náttúruvernd, landgræðslu, skógrækt og ferðamennsku. Í landsskipulagsstefnu verði greind sú þróun sem orðið hefur á undanförnum árum varðandi notkun lands í dreifbýli og þau áform um nýtingu sem fyrir liggja í áætlunum stjórnvalda, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstigi og fyrir mismunandi geira. Landsskipulagsstefna setji fram leiðarljós um landnotkun í dreifbýli til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og geri jafnframt eftir atvikum tillögur um frekari aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu í dreifbýli. Miðað er að því að fylgja landsskipulagsstefnu eftir með itarlegri greiningu og stefnumótun um ráðstöfun lands í dreifbýli til mismunandi nota með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Óskað er eftir að tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu berist ráðuneytinu eigi síðar en í desember 2014. Tillaga til þingsályktunar að landsskipulagsstefnu 2015-2026 verður lögð fram á vorþingi 2015.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Stefán Thors